


# Athugun á árangri VIRK


Talnakönnun

Ágúst – september 2014




# Verkefnið

- ▶ Hugmyndin er að reyna að finna mælikvarða á sparnað af starfsemi VIRK sem taki mið af raunverulegum árangri undanfarin ár.
- ▶ Starfsemi eins og VIRK sýnir í bókhaldi fyrst og fremst kostnað, en árangurinn, sem felst í því að flýta endurhæfingu, stytta tímabil óvinnufærni og minnka tíðni örorku, er ekki mældur til fjár.




# Gögn

- ▶ Gögn fengust frá VIRK yfir alla þá sem útskrifuðust árið 2013, alls 899 einstaklinga
- ▶ Þar komu fram helstu lýðfræðilegar upplýsingar eins og aldur, kyn, menntun, hjúskaparstaða, starf og fleira.
- ▶ Ekki komu fram upplýsingar um laun, en þau voru metin skv. meðallaunum í þeim lífeyrissjóði sem einstaklingurinn var skráður í.




# Launaferlar þeirra sem njóta þjónustu VIRK eftir kyni og aldri






# Launaferlar eftir kyni og aldri

- ▶ Myndin sýnir svipaða mynd og sjá má í flestum lífeyrissjóðum, þ.e. tekjur aukast til 45 ára og lækka lítillega eftir það. Karlar eru með hærri tekjur en konur.
- ▶ Rétt er að leggja áherslu á að hér er ekki m.v. raunverulegar tekjur þessara einstaklinga heldur reiknaðar meðaltekjur eftir aldri og kyni út frá því í hvaða lífeyrissjóði þeir eru. Laun voru áætluð um 837 einstaklinga eða 93% hópsins.




# Meðallaun þeirra sem njóta þjónustu VIRK eftir lengd þjónustu




# Meðallaun eftir lengd þjónustu

Myndin gefur ekki til kynna að munur sé á launum eftir því hve lengi fólk nýtur þjónustu VIRK




# Launaflokkun m.v. innritun og útskrift



# Launaflokkun m.v. innritun og útskrift


Myndin byggir á heildarlaunum og sýnir hvernig reiknuð laun hafa breyst eftir flokkun, annars vegar miðað við grunnmat og hins vegar m.v. útskrift.

Myndin sýnir að þeim sem eru í launaðri vinnu fjölgar hlutfallslega mest. Þessir einstaklingar voru í veikindatímabili vinnu við innritun.




# Launaflokkun m.v. innritun og útskrift

- Súlurnar bera það með sér að ástand þeirra sem njóta þjónustu VIRK hefur orðið stöðugra á tímabilinu.
- Þeim fjölgar sem eru með örorkumat hjá TR eða lífeyrissjóðum, en nánast engir eru á sjúkradagpeningum við útskrift.
- Eftir því sem menn koma seinna til VIRK þeim mun minni er árangurinn. Þetta skýrist af tvennu:
- Þeir veikari koma síðar og auðveldara er að finna úrræði sem virka ef menn koma snemma til VIRK




# Hvernig tókst starf VIRK?

- ▶ Á glærunum hér á eftir er sýnt hvernig einstaklingum sem nutu þjónustu VIRK reiddi af m.v. grunnmat, þ.e. það mat þegar þeir koma inn í ferlið.
- ▶ Glærurnar sýna hvernig reiknuð laun skiptast eftir flokkun við útskrift. Notuð er meginflokkun við grunnmat og útskrift, en sumir fá tekjur frá fleiri einum stað, þó að flestir flokkist aðeins í einn flokk.
- ▶ Súlurnar sýna heildarfjárhæð reiknaðra árslauna (vinstri ás), línan fjölda (hægri ás).






# Grunnmat: Laun á vinnumarkaði. Staða við útskrift.




Súlurnar sýna heildarfjárhæð (vinstri ás), línan fjölda (hægri ás).

# Grunnmat: Sjúkradagpeningar. Staða við útskrift.




Súlurnar sýna heildarfjárhæð (vinstri ás), línan fjölda (hægri ás).

# Grunnmat: Atvinnuleysisbætur. Staða við útskrift.




Súlurnar sýna heildarfjárhæð (vinstri ás), línan fjölda (hægri ás).

# Grunnmat: Fjárhagsaðstoð hjá sveitarfélögum. Staða við útskrift.




Súlurnar sýna heildarfjárhæð (vinstri ás), línan fjölda (hægri ás).

# Grunnmat: Endurhæfingarlífeyrir. Staða við útskrift.




Súlurnar sýna heildarfjárhæð (vinstri ás), línan fjölda (hægri ás).

# Grunnmat: Örorkulífeyrir TR. Staða við útskrift.



Súlurnar sýna heildarfjárhæð (vinstri ás), línan fjölda (hægri ás).



# Grunnmat: Örorkulífeyrir frá lífeyrissjóði. Staða við útskrift.



Súlurnar sýna heildarfjárhæð (vinstri ás), línan fjölda (hægri ás).




# Hver er meðallengd meðferðar í vikum?




# Hver er meðallengd meðferðar í vikum?

- ▶ Myndirnar benda til þess að fólk úr erfiðustu flokkunum (örorka eða endurhæfing) sé heldur lengur í meðferð en þeir sem koma fyrr til þjónustu VIRK.
- ▶ Munurinn er þó ekki mjög mikill




# Hvað sparast mikið við starf VIRK?

- ▶ Menn geta gefið sér ýmsar forsendur við matið. Erfitt er að segja hve lengi hver um sig hefði orðið óvinnufær, ef ekkert hefði verið að gert.
- ▶ Sumir hefðu getað náð árangri upp á eigin spýtur, meðan aðrir hefðu hugsanlega hlotið varanlega örorku.
- ▶ Niðurstaðan ræðst af forsendum, en tíminn leiðir vonandi í ljós hverjar eru raunhæfastar.




# Hvað sparast mikið við starf VIRK?

- ▶ Ef einstaklingur er á örorkulífeyri hjá lífeyrissjóðum eða TR við komu til VIRK kemur inn til VIRK og útskrifast á vinnumarkað (þ.e. er með laun á vinnumarkaði, atvinnuleysisbætur eða námslán við útskrift) er reiknað með að einstaklingurinn hefði farið á varanlega örorku án aðkomu VIRK.
- ▶ Reynslan sýnir að mjög fáir einstaklingar á örorkulífeyri fara aftur á vinnumarkað.




# Hvað sparast mikið við starf VIRK?

- ▶ Ef einstaklingur er á endurhæfingarlífeyri hjá TR við komu til VIRK og útskrifast á vinnumarkað er reiknað með að helmingur þeirra hefði farið á örorku út starfsævina.
- ▶ Reiknað er með að hinn helmingurinn hefði komist á vinnumarkað eftir 60 mánuði.




# Hvað sparast mikið við starf VIRK?

- ▶ Með aðra er horft á að þeir sem voru í vinnu, fóru á atvinnuleysisbætur eða námslán við útskrift hefðu allir verið 60 mánuði (fimm ár) óvinnufærir.
- ▶ Þetta er væntanlega fremur varfærin forsenda, því ekki er gert ráð fyrir varanlegri örorku hjá neinum, en hún kostar samfélagið auðvitað mjög mikið.
- ▶ Tala mánaða í meðferð er dregin frá 60 og niðurstöðutalan margfölduð með reiknuðum launum.



# Hvað sparast mikið við starf VIRK?


- ▶ Formúlan fyrir síðasta hópinn er:  
▶  $(60 - \text{mánuðir í meðferð}) \times \text{reiknuð laun}$
- ▶ Reiknað fyrir hvern og einn og fundin heildartala fyrir þá sem fara í launaða vinnu.
- ▶ Þessar forsendur gefa 9,7 milljarða króna í ávinning.
- ▶ Breytingar í forsendu um einn mánuð gefa tæplega 1,5% frávik í plús eða mínus eða um  $\pm 140$  milljónir króna.
- ▶ 48 mánuðir gefa 8,0 milljarða kr. og 36 mánuðir 6,3.






# Hvað sparast mikið við starf VIRK?


## M.v. stöðu við grunnmat



# Hvað sparast mikið við starf VIRK? M.v. stöðu við útskrift




# Iðgjöld og árangur af starfi VIRK 2013




Iðgjaldamegin sýnir blái stöpullinn rekstrarkostnað árið 2013

# Hvað sparast mikið við starf VIRK?



- ▶ Einnig var reiknað tryggingafræðilegt núvirði starfsævi við útskrift fyrir sérhvern einstakling og flokkað eftir hópum.
- ▶ Niðurstaðan er sú að heildarvirðið hafi verið 43,7 milljarðar króna. Þar af reiknast 20,4 milljarðar króna á þá sem fara í launaða vinnu.
- ▶ Ávinninginn má reikna sem hlutfall af þessari tölu, t.d. að einn af hverjum tveimur hafi öðlast bata fyrir tilstilli VIRK. Það eru 10,2 milljarðar kr.



# Reiknað núvirði starfsævi við útskrift í milljörðum króna



# Skipting ábatans af starfi VIRK



# Niðurstaða

- ▶ Mjög erfitt er að finna einhlítan mælikvarða á árangurinn, en mikilvægt er að skoðuð sé sama kennitala á hverju ári.
- ▶ Þá er auðvitað líka mikilvægt að hún byggji á skynsamlegri nálgun.
- ▶ Fylgjast þarf með fólki eftir að það útskrifast.
- ▶ Leita þarf fleiri mælikvarða og kanna erlendar rannsóknir.
- ▶ Talnakönnun telur að niðurstöðurnar bendi eindregið í þá átt að starf VIRK sé mjög arðbært.

